

9. fundur Fræðslunefndar Langanesbyggðar haldinn í Grunnskóla Þórshafnar föstudaginn 7. ágúst 2015 kl. 14:00

Mætt voru Kristinn Lárusson, Svala Sævarsdóttir, Hulda Kristín Baldursdóttir, Dagrún Þórisdóttir, Hildur Stefánsdóttir, Ingveldur Eiríksdóttir, Árni Davíð Haraldsson, Magdalena Zawodna og Hildur Stefánsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður bauð nefndarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá fundar:

1. Skýrsla skólastjóra Barnabóls:

Skóladagatali dreift og lagt fyrir til samþykktar. Samþykkt samhljóða.

Starfsáætlun 2015 – 2016 dreift á nefndarmenn.

Börn núna eru 31 og byrja 2 í lok ágúst. Þá hafa öll börn sem náð hafa 18 mán aldri fengið pláss.

Starfsmannamál. Vantar í 50% stöðugildi á eldri deild.

Fræðslunefnd mælir með ráðningu eftirtalinna leiðbeinenda; Margrétar Höskuldsdóttur, Steinunnar Leósdóttur, Jóhönnu Sigríðar Jónsdóttur og Sigríðar Óskar Indriðadóttur.

Grunnviðhaldi var sinnt á meðan á sumarleyfi leikskólans stóð en síðan hefur lekið í gegnum þök í rigningum undanfarið. Megn myglulykt er í húsunum og ástand mjög lélegt.

2. Skýrsla skólastjóra Grunnskóla Þórshafnar:

Skóladagatali dreift og lagt fyrir til samþykktar. Samþykkt samhljóða.

Starfsmannamál. Ingveldur fór yfir starfslið næsta skólaárs.

Fræðslunefnd mælir með ráðningu eftirtalinna leiðbeinenda; Almari Marinóssyni, Vilborgu Stefánsdóttur, Hönnu Maríu Pétursdóttur, Hrafngerðar Aspar Elíasdóttur, Ólínu Ingibjargar Jóhannesdóttur og Þorsteins Ægis Egilssonar.

3. Framhaldsdeild Laugaskóla:

Hildur kynnti áætlun næsta veturs. Óvissa er með skólameistara Laugaskóla. Níu nemendur skráðir í deildina á Þórshöfn næsta vetur.

4. Önnur mál:

Rætt um samstarf milli deilda.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:00